

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2291  
komudagur 7.S. 2012

## Athugasemd vegna rammaáætlunar

Ingibjörg Svala Jónsdóttir [isj@hi.is]

**Sent:** 7. maí 2012 21:25

**Viðtakandi:** Nefndasvið umsagnir

---

Athugasemd vegna rammaáætlunar.

Ég, undirrituð, fagna því að ráðist var í það mikla verkefni að meta virkjanakosti landsins út frá mismunandi sjónarhornum og tel að þar hafi í megin atriðum verið vel að verki staðið. Ég vil þó gera alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi og Eldvörp séu sett í nýtingarflokk í Rammaátælnun og tel báðum svæðunum betur borgið í verndarflokki.

Ástæðurnar eru margar. Þar ber hæst að svæðin eru hluti af stærri heild jarðminja sem eru einstakar á heimsvísu. Af þessum ástæðum ber okkur siðferðileg skylda til að vernda svæðin. Við þetta má bæta að bæði svæðin eru vinsæl útivistarsvæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og er Sveifluháls þegar innan friðlýsts fólkvangs. Þá ber að huga að menningarsögulegum verðmætum á svæðunum en um Eldvörp liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir.

Reykjavík,  
Ingibjörg Svala Jónsdóttir  
070755-7349